



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/717
komudagur 23.11.2012

Reykjavík, 23.11.2012
Tilv. 90.13
JS/mb

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum, 46. mál, 141. löggjafarþing 2012-2013

Við er til erindis Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um ofangreint málefni dags. 8. nóvember 2012.

Samkvæmt venju hafa selir verið taldir til nytjastofna sjávar enda eru nytjar á selum líklega jafngamlar byggð í landinu. Samkvæmt lögum um Hafrannsóknastofnunina nr. 64/1965 og lögum nr. 116/2006 með síðari breytingum ber stofnuninni að veita ráðgjöf varðandi nýtingu og vernd nytjastofna sjávar. Í samræmi við það hefur stofnunin veitt stjórnvöldum vísindalega ráðgjöf varðandi selastofna í árlegri skýrslu sinni um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum og aflahorfur. Auk eigin rannsókna á selum hefur ráðgjöf stofnunarinnar byggst á samstarfi við þá aðila sem helst hafa stundað selarannsóknir hér á landi, einkum Erling Hauksson, líffræðing hjá Selasetri Íslands (áður hjá Hringormanefnd), sem metið hefur stærð selastofna allt frá árinu 1980. Mat á niðurstöðum íslenskra selarannsókna hefur reglulega farið fram á alþjóðlegum vettvangi, einkum á vettvangi Norður-Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO) og hefur ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar m.a. byggst á slíkum úttektum. Þess skal getið að Hafrannsóknastofnunin er vísindalegt stjórnvald hvað varðar sjávarspendýr á vettvangi CITES (samningur um alþjóðaverslun með tegundir dýra og plantna í útrýmingarhættu).

Ljóst er að núgildandi lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, eru samin með tilliti til þess að þau gilda um landspendýr og fugla. Megininntak fyrirbyggjandi frumvarps er aukið gildissvið þannig að það taki einnig til eins hóps sjávarlífvera. Að mati Hafrannsóknastofnunarinnar er nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á frumvarpinu ef æskilegt er talið að selir flytjist til í kerfinu með þessum hætti. Er þar einkum átt við breytingar á 3. gr. sem fjallar um umsjón og verkaskiptingu, þar sem þar er ekki gert ráð fyrir aðkomu Hafrannsóknastofnunarinnar né annarra aðila sem stundað hafa rannsóknir á sjávarspendýrum og lífríki hafsins að ákvörðunum er varða vernd, friðun og veiðar á þeim dýrum sem löggin taka til. Þannig eru það einungis Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands sem skulu vera ráðherra til ráðgjafar og gera tillögur í þessu efni (3. gr., 1. málsg.).

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is

“Umhverfisstofnun er ætlað að hafa umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum” “að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun” (3.gr., 2. málsgr.). Þá er Hafrannsóknastofnunin ekki meðal samráðsskyldra aðila um stefnumótandi mál um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (3.gr., 3. málsgr.). Samkvæmt frumvarpinu er Náttúrufræðistofnun Íslands einni ætlað að stunda rannsóknir á stofnum villtra fugla og spendýra, meta ástand þeirra og gera í framhaldi tillögur til ráðherra um vernd og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (4. grein, 1. málsgr.). Varðandi aðgerðir vegna tjóns af völdum villtra dýra er eingöngu gert ráð fyrir umsögnum Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og hreindýraráðs til ráðherra.

Auk ofangreindra dæma mætti nefna fleiri þar sem gömlu löginn hafa ekki verið nægjanlega aðlöguð að þeirri breytingu sem felst í að fella sjávarspendýr inn í lög sem smíðuð eru utan um landdýr. Selir hljóta að teljast til nytjastofna sjávar og ber Hafrannsóknastofnuninni því samkvæmt lögum að veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi nýtingu og vernd selastofna við landið. Í óbreyttri mynd kann frumvarpið því að stangast á við núgildandi lög. Nauðsynlegt hlýtur að teljast að leita ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar í þessum efnum. Búsvæði sela og fæðunám er í hafinu og fjörunni. Útselur og landselur nýta sér að vísu land til kæpingar og hvíldar, en taka alla sína fæðu úr vistkerfi hafsins, þ.m.t. mikilvæga fiskistofna.

Á vísindasviðinu teljast selir til sjávarspendýra og þar þykir almennt eðlilegast að rannsóknir á selum heyri undir rannsóknastofnanir sem tengdar eru sjó og sjávarútvegi, enda þar með góðar forsendur fyrir þverfaglegri sýn í efnistöku og aðferðafræði.

Á undanförunum árum hefur leiðandi stefna á alþjóða vettvangi verið að taka aukið tillit til samspils tegunda innan vistkerfis hafsins, s.k. vistkerfisnálgun við stjórnun auðlinda sjávar. Gera má ráð fyrir frekari þróun í þá átt á næstu áratugum. Ljóst er að fyrirhugaðar lagabreytingar ganga gegn slíkri þróun hér á landi.

Í lok fjórðu greinar frumvarpsins segir “Veiðar á vöðusel og öðrum tegundum farsels eru óheimilar nema með sérstöku leyfi ráðherra”. Ekki verður skilið hver rökin eru fyrir allsherjarbanni á veiði á þessum tegundum, ekki síst í ljósi þess að hér er um afar stóra stofna sela að ræða, sem augljóslega kunna að valda beinum fjárhagslegum skaða fyrir íslenskan sjávarútveg.

Á undanförunum árum hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið veitt leyfi til norskra selfangara til veiða á vöðusel í íslenskri landhelgi að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunarinnar. Eins og um útsel og landsel, hefur sú ráðgjöf stofnunarinnar byggst á niðurstöðum alþjóðlegra vísindalegra úttekta innan Norður Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO) og Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) þar sem stofnunin er virkur þátttakandi. Óhætt er að fullyrða, að afrán land- og útsels á efnahagslega mikilvægum fiskistofnum er allnokkuð eða verulegt. Eins er líklegt að afrán farsela, þ.e. vöðusels, blöðrusels, kampsels og hringanóra, sé verulegt í lögsögunni og utan hennar þegar þessir stofnar ganga árstíðabundið á hafsvæðið í

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

kringum Ísland í mikilli mergð. Í efnahagslegu tilliti er þó ekki síður að geta áhrifa selastofna á útbreiðslu sníkjudýra í fiski, en bæði útselur og landselur þó í minna mæli eru nauðsynlegir lokahýslar fyrir hringorma í iðrum og holdi nytjafiska.

Þó ofangreindar athugasemdir séu fram settar vegna fyrirbyggjandi frumvarps, skal undir það tekið að ýmsir annmarkar eru á framkvæmd núgildandi laga og þörf á endurbótum t.d. varðandi skráningar á veiðum og óbeinum veiðum. Slík gagnaöflun og eftirlit fellur undir verksvið Fiskistofu og er stofnuninni kunnugt um að gert hafi verið átak í þessum efnunum.

Alþjóðlegt samstarf um verndun og nýtingu sjávarspendýra fer að langmestu leyti fram innan stofnana sem fjalla um málefni hafsins. Alþjóðlegar rannsóknir og vísindalegar úttektir á þeim selum í N-Atlantshafi sem halda til í íslenskri efnahagslögsögu fara einkum fram innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og Norður Atlantshafs Sjávarspendýraráðsins (NAMMCO).

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,



Jóhann Sigurjónsson